



TIL FORELDRA
FRÁ SKÓLAHEILSUGÆSLUNNI
www.6h.is

Hamingjan – 1. bekkur

6H HEILSUNNAR

Skólaheilsugæslan sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta.

Eftir fræðslu hjúkrunarfræðings er foreldrum sent fréttabréf (eins og þetta). Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geta nýtt sér það í daglegu lífi.

Við hvetjum foreldra til að skoða heilsuvefinn www.6h.is. Þar er að finna margvíslegan fróðleik fyrir börn, ungmenni og foreldra frá fagfólki.

HLÚUM AÐ BÖRNUM

- Hvetjum þau til að segja frá því sem á daga þeirra drífur.
- Börn eiga bara að eiga góð og skemmtileg leyndarmál.
- Hlustum og tökum mark á orðum þeirra.
- Stöndum með þeim og hjálpum þeim að finna farsælar lausnir.
- Veitum nærveru.
- Hrósnum börnunum alltaf þegar tækifæri er til.
- Látum okkur velferð allra barna varða.

VERNDUM BÖRNING

Nú hefur skólaheilsugæslan verið með fræðslu um 6H heilsunnar með áherslu á forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Markmið fræðslunnar eru eftirfarandi:

- Börnin viti að þau eiga sinn líkama sjálf
- Börnin viti að kynferðisleg misnotkun er alltaf röng og ekki þeirra sök
- Börnin viti að þau megi segja NEI
- Börnin viti að þau eigi að segja frá verði þau fyrir óþægilegri reynslu

Við fræðsluna var meðal annars notuð bókin „Þetta er líkaminn minn“ sem öll börn eiga að hafa fengið hjá heilsugæslunni. Fræðsla sem þessi til barnanna breytir þó ekki þeirri staðreynd að það er foreldra og annarra fullorðinna að bera ábyrgð á og gæta öryggis barnanna. Það er okkar fullorðinna að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að barn lendi í þeirri aðstöðu að þurfa sjálft að reyna að stöðva misnotkun eða ofbeldi.

Árið 2007 birti Barnaverndarstofa í samstarfi við Rannsóknir og greiningu rannsókn á kynhegðun barna. Þar kom fram að 13,6% stúlkna og 2,8% drengja sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur.

Í annarri íslenski rannsókn kemur fram að í fjórðungi tilvika hófst misnotkunin fyrir 6 ára aldur og í þriðjungi tilfella hófst misnotkunin á aldrinum 7 til 10 ára.



VERUM Á VERÐI

Ef börnin segja dónaleg orð eða sýna kynferðislega hegðun skal gæta þess að skamma þau ekki, heldur spyrja þau hvar þau heyrðu/lærðu þessi orð. Úskýra síðan rólega fyrir þeim að svona megi ekki tala/gera. Börn á þessum aldri þurfa leiðbeiningu um viðeigandi hegðun á mismunandi stöðum.

Hvetjum félög og stofnanir sem sinna börnum og ekki hafa nú þegar skýra stefnu varðandi verndun barna gegn kynferðisofbeldi, að setja sér slíka stefnu. Börnin okkar eiga það skilið.

Við viljum benda foreldrum á tilkynningarskyldu 16.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002:

16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

**Reyndu að skilja
og hvetja
aðra í kringum þig**

Lykillinn að góðum samskiptum er að skilja af hverju fólk hagar sér eins og það gerir, skilja bakgrunn þess og hvað skiptir það máli.

- Setjum okkur í spor barnanna til að skilja hvað vakir fyrir þeim
- Verum óhrædd við að hrósa þeim fyrir það sem þau gera vel
- Hvetjum þau og styðjum í námi og leik með virkri þátttöku